

Fimmtudaginn 27. febrúar 1992.

Nr. 42/1992. **Róbert Árni Hreiðarsson**

gegn

**Jóni S. Bjarnasyni.**

**Hebu Hallsdóttur og**

**Bjarna G. Ágústssyni.**

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Réttarverkanir dóma. Dráttarvextir. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili, sem er héraðsdómslögmaður, skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst héraðsdómara 14. janúar 1992. Kærður er frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1991. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur. Þá krefjast varnaraðilar kærumálskostnaðar.

Hinn kærði dómur var kveðinn upp að aðilum fjarstöddum. Héraðsdómari kveður endurrit dómsins hafa verið tilbúið til afgreiðslu 7. janúar 1992. Telst kæran því nægjanlega snemma fram komin.

Fyrir héraðsdómi krefst sóknaraðili greiðslu á dráttarvöxtum af kröfu á hendur varnaraðilum. Um er að ræða mismun á hæstu dráttarvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands og dráttarvöxtum samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 8. apríl 1986 frá dómsuppsögu til 1. nóvember 1990, þegar varnaraðili Heba Hallsdóttir greiddi kröfuna samkvæmt dómsorði. Mismunur á aðal- og varakröfu í héraði er sá, að í aðalkröfu, en ekki varakröfu, er krafist dráttarvaxta af þeim málskostnaði sem dæmdur var í fyrrnefndu máli.

## I.

Í skuldabréfi því, sem mál þetta er sprottið af, er svohljóðandi ákvæði: „Verði ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana eða vaxta af láni þessu á réttum gjalddögum, ber að greiða hæstu lögleyfða dráttarvexti á hverjum tíma.“ Sóknaraðili gaf út stefnu á hendur varnaraðilum 5. febrúar 1986 til innheimtu á skuld samkvæmt bréfinu. Krafðist hann 3,75% dráttarvaxta á mánuði af gjaldfallinni skuld frá 10. janúar 1986 til greiðsludags. Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 27. febrúar sama ár. Er dómur var upp kveðinn í málinu 8. apríl sama ár, höfðu hæstu lögleyfðu dráttarvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands lækkað. Tók dómari málsins réttilega tillit til þessa og dæmdi stefnanda 3,75% dráttarvexti á mánuði af kröfunni til 1. mars 1986, 2,75% á mánuði frá þeim degi til 1. apríl sama ár, en 2,25% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, hæstu lögleyfðu dráttarvexti á dómsuppsögudegi.

Vaxtalög nr. 25/1987 tóku gildi 14. apríl 1987. Í 14. gr. þeirra var lögfest svohljóðandi ákvæði: „Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og dráttarvaxta krafist, má þrátt fyrir ákvæði 88., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, dæma dráttarvexti frá þeim tíma, er mál telst höfðað, til greiðsludags, enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.“

Þetta ákvæði fól í sér breytingu á gildandi rétti. Fram að gildistöku laga nr. 25/1987 höfðu dómstólar túlkað ákvæði 88. og 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði á þann veg, að ekki bæri að taka til greina kröfu um dráttarvexti, nema vaxtafótur væri tilgreindur, sbr. Hrd. 1987, bls. 1191. Ákvæði 2. mgr. 69. gr. sömu laga var þó ekki talið standa í vegi fyrir því, að hægt væri að taka til greina kröfu um dráttarvexti til greiðsludags með þeim vaxtafæti, sem í gildi var við dómsuppsögu. Dráttarvaxtakrafa sóknaraðila í fyrrnefndu máli og niðurstaða héraðsdóms um dráttarvexti var í samræmi við þessa dómvenju.

Á það má fallast með sóknaraðila, að á þeim tíma, þegar hann gerði stefnukröfur í hinu fyrra máli, hafi réttarfarsákvæði komið í veg fyrir, að hann gæti fengið dóm, þar sem tekin væri afstaða til kröfu um breytilegan vaxtafót eftir dómsuppsögu, svo sem ákvæði skuldabréfsins gerðu ráð fyrir.

## II.

Með 21. gr. laga nr. 54/1988, sem tóku gildi 1. júlí 1988, var nýrri málsgrein bætt við 175. gr. laga nr. 85/1936. Málsgreinin hljóðar svo: „Að kröfu aðila má dæma, að málskostnaður úr hendi gagnaðila hans skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur samkvæmt vaxtalögum.“

Fyrir gildistöku ákvæðisins var ekki talin lagaheimild til að kveða á um í dómi, að málskostnaður skyldi bera dráttarvexti. Í hinu fyrra máli gerði sóknaraðili ekki kröfu um dráttarvexti af málskostnaði.

## III.

Með dóminum 8. apríl 1986 var dæmt um kröfu stefnanda, eins og hún var gerð á þeim tíma. Sóknaraðila tókst ekki að knýja fram greiðslu úr hendi varnaraðila fyrr en fjórum og hálfu ári eftir uppsögu dómsins og gerði þá fyrirvara um, að hluti vaxta væri ógreiddur. Á þessum tíma voru hæstu lögleyfðu dráttarvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands lengst af hærri en 2,25% á mánuði, og réttarreglur um vexti höfðu tekið breytingum.

Í máli þessu deila aðilar um dráttarvexti eftir uppsögu dóms í fyrra málinu. Á þá deilu hefur ekki verið lagður efnisdómur. Þar sem beita skal þröngri skýringu varðandi neikvæð réttaráhrif dóma, þykir 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 ekki leiða til þess, að vísa beri málinu frá héraðsdómi.

Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnisdóms.

## S é r a t k v æ ð i

**Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.**

Kröfur sóknaraðila í máli þessu varða skuldabréf, sem gefið var út 10. desember 1984 til annars manns, en framselt honum 15. apríl

1985 frá þriðja manni. Var einn varnaraðila skuldari að bréfinu, en hinir tveir sjálfskuldarábyrgðarmenn. Umsamin skuld samkvæmt bréfinu var verðtryggð til gjalddaga og bar breytilega vexti á umsömdum greiðslutíma. Átti skuldin að greiðast í einum gjalddaga, 10. janúar 1986, og var hann nýlega kominn, þegar sóknaraðili hófðaði dómsmál til heimtu skuldarinnar gegn varnaraðilum og upphaflegum framseljanda bréfsins, sem einnig hafði tekið ábyrgð á greiðslu þess. Gekk dómur á bæjarþingi Reykjavíkur 8. apríl 1986 um greiðslu skuldarinnar ásamt málskostnaði á hendur öllum varnaraðilum, en sóknaraðili hafði þá fallið að svo stöddu frá kröfum á hendur framseljandanum. Enginn stefndu sótti þing í málinu, og dóminum var ekki áfrýjað. Annar ábyrgðarmaðurinn greiddi dómskuldina að fullu síðla árs 1990 að undangengnu fjárnámi í fasteign sumarið 1989 og uppboðsmeðferð á grundvelli þess. Við móttöku á greiðslu gerði sóknaraðili fyrirvara um rétt til frekari vaxta.

Þegar sóknaraðili hófst handa um innheimtumálið, lá allt ljóst fyrir um fjárhæð hinnar umsömdu skuldar á gjalddaga hennar, og var hún viðurkennd í dóminum, eins og stefnandi lýsti henni. Samkvæmt ákvæðum í skuldabréfinu átti skuldari að greiða dráttarvexti, ef hann stæði ekki í skilum um greiðslu á gjalddaganum, og skyldu þeir vera hæstu lögleyfðir dráttarvextir á hverjum tíma. Gerði sóknaraðili kröfu um dráttarvexti í samræmi við þessi ákvæði, og var hún viðurkennd að fullu, eftir því sem landslög stóðu til, á grundvelli auglýsinga Seðlabanka Íslands um vanskilavexti af óverðtryggðum skuldakröfum. Voru varnaraðilar dæmdir til að greiða þá auglýstu dráttarvexti, sem í gildi voru fram að dómsuppsögudegi, og vextina á þeim degi frá honum fram í tímann til greiðsludags skuldarinnar. Loks gerði sóknaraðili kröfu um málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og var hún tekin til greina þannig, að litið var til höfuðstóls skuldarinnar við ákvörðun kostnaðarins.

Krafa sóknaraðila í máli þessu um dráttarvexti til viðbótar greiddum vöxtum er eingöngu reist á umræddum ákvæðum skuldabréfsins. Er einvörðungu til þess vísað, að hæstu leyfilegir dráttarvextir á tímabilinu frá dómsuppsögu til greiðslu dómskuldarinnar hafi orðið hærri en hinir tildæmdu dráttarvextir fyrir það tímabil. Meðal

annars er því ekki haldið fram, að sóknaraðili hafi veitt varnaraðilum sérstaka skuldarumliðan á þessu tímabili, er réttur verði á byggður, og tjóni af síðbúinni greiðslu hefur hann ekki lýst með öðrum hætti en þeim að benda á þennan dráttarvaxtamun. Telja verður þannig, að sóknaraðili sé nú að ítreka þá kröfu um dráttarvexti, sem hann lagði í dóm í hinu fyrra máli, en hún var þá dæmd að efni til, eins og fyrr er rakið.

Kröfu sína um málskostnað í innheimtumálinu gerði sóknaraðili með algengum hætti og vísaði til gjaldskrár án þess að geta ákvæða hennar um vexti. Í dómi bæjarþingsins var leyst úr kröfunni til hlítar, án þess að vextir væru dæmdir af ákvörðuðum kostnaði til sóknaraðila. Má ætla, að dómari hafi tekið þá afstöðu á grundvelli gildandi dómvenju í þessa átt, þó að sóknaraðili hafi ekki gert beinan áskilnað um vexti af kostnaðinum.

Eftir þessum atvikum tel ég, að fallast beri á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi á grundvelli 2. mgr. 196. gr., sbr. 195. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og dæma varnaraðilum kærumálskostnað.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1991.**

#### **I.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar fyrr í dag að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávisunarkröfu stefndu, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. og 13. febrúar 1991, á hendur Jóni S. Bjarnasyni, kt. 160458-5939, Bústaðavegi 59, Reykjavík, Hebu Hallsdóttur, kt. 220158-4899, Þingási 35, Reykjavík, og Bjarna G. Ágústssyni, kt. 091231-3449, Víkurbraut 48, Grindavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 298.608,24 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 10. gr. l. nr. 25/1987, frá 13. 2. 1991 til greiðsludags. Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar og dráttarvextir reiknist af þeirri fjárhæð á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 11. 1991, sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 237.504,70 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 10. gr. l. nr. 25/1987, frá 13. 2. 1991 til greiðsludags. Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar og dráttarvextir reiknist af þeirri fjárhæð á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. 2. 1991, sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Í aðalkröfu jafnt sem varakröfu er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefjast stefndu þess, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara er krafist, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar.

Enn fremur er í aðal-, vara- og þrautavarakröfu krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

## II.

### *Málavaxtalýsing stefnanda.*

Stefnandi kveður kröfuna grundvallast á skuldabréfi nr. 21266, að fjárhæð 140.000 kr., með lánskjaravísitölu 910 stigum, út gefnu 10. desember 1984 af stefnda Jóni til Sævars Óskarssonar. Til tryggingar greiðslum hafi verið veðsett ýmis tæki í eigu verslunarinnar Réttarholts. Einnig hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð stefnda, Heba, og stefndi Bjarni.

Hinn 5. febrúar 1986 hafi stefnda Jóni S. Bjarnasyni o.fl. verið stefnt til greiðslu skuldar skv. bréfi þessu. Dómur hafi fallið 8. apríl 1986, og sé dómsorð hans svohljóðandi:

„Stefndu, Jón S. Bjarnason, Heba Hallsdóttir og Bjarni B. Ágústsson, greiði in solidum stefnanda, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., 219.289,23 kr. með 3,75% mánaðarvöxtum frá 10.1.1986 til 1.3. sama ár, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.4. sama ár, en með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og 27.800 kr. í málskostnað. Dráttarvexti má færa til höfuðstóls á hverju tólf mánaða tímabili.

Staðfestur er 1. veðréttur í fyrrnefndum vélum og tækjum í eigu verslunarinnar Réttarholts til tryggingar dæmdum kröfum. Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu dómsins.“

Hinn 27.2.1987 hafi verið gert fjárnám fyrir kröfunni í fasteigninni Víkurbraut 48, Grindavík, eign stefnda Bjarna G. Ágústssonar, og hún síðan seld á nauðungaruppboði, án þess að nokkuð fengist greitt upp í kröfu stefnanda. Stefnandi Bjarni sé tilgreindur í stefnu og dómi sem Bjarni B. Ágústsson, en þar muni vera um prentvillu að ræða.

Hinn 19.7.1989 hafi verið gert fjárnám fyrir kröfunni í fasteigninni Þingási 35, Reykjavík, eign stefndu Hebu Hallsdóttur. Þriðja og síðasta uppboð

hafi átt að fara fram 5.11.1990, en verið afturkallað, þar sem stefnda, Heba, greiddi stefnanda 24.10.1990 769.149, kr. og 1.11.1990 70.714,79 kr., samtals 839.863,79 kr.

Gegn andmælum stefnanda hafi greiðslur þessar verið inntar af hendi í samræmi við vaxtaákvæði dómsins frá 8. apríl 1986. Eftir 1.4. 1986 hafi stefnda, Heba, þannig ekki greitt hærri dráttarvexti en 2,25% á mánuði til greiðsludags. Hafi hún talið þetta fullnaðargreiðslu af sinni hálfu og neitað frekari greiðslum. Stefnandi hafi talið, að stefnda hefði með greiðslu þessari greitt upp hluta kröfunnar. Þar sem dómurinn hafi ekki verið fullnægjandi sem aðfarargrundvöllur um fullar efndir, hafi hann afturkallað uppboð á fasteign stefndu. Hins vegar hafi hann talið kröfuna sjálfa mun hærri, þar sem dráttarvextir hafi hækkað 1.3. 1987 og eftir það oftast verið mun hærri en greini í dómsorði. Hafi hann því gefið stefndu kvittun með fyrirvara um málsókn til heimtu þessa mismunar.

#### *Málsástæður stefnanda og lagarök.*

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og eðli máls sé skuldari skyldur til að greiða kröfuhafa kröfu hans að fullu. Það hafi stefndu ekki gert, með því að stefnda, Heba, neitaði að greiða fulla dráttarvexti samkvæmt kröfunni.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins hafi stefndu borið að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti á hverjum tíma, ef vanskil yrðu á greiðslu afborgana og vaxta. Ákvæði bréfsins séu í samræmi við 5. gr. 1. nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o.fl., sem þá hafi gilt. Samsvarandi ákvæði sé nú í 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Vegna réttarfarsákvæða hafi hins vegar ekki verið heimild í lögum fyrir dómara að kveða á um breytilega dráttarvexti í dómum sínum fyrir gildistöku vaxtalaga, sbr. 14. gr. vaxtalaga, sem vísi til 88. gr., sbr. 193. gr. eml. nr. 85/1936. Hafi það varðað frávisun máls, ef vaxtahæð hafi ekki verið tilgreind í stefnu. Telja verði andstætt tilgangi dómsmeðferðar, að kröfuhafi sé verr settur, eftir að dómur fellur, en hann hafi verið fyrir dómsuppsögu. Stríði það gegn sanngirnissjónarmiðum, að tilviljun ráði því, hvort kröfuhafi fái fullar efndir á kröfu sinni eða ekki.

Hæstiréttur hafi nú heimilað hækkun vaxtakröfu við áfrýjun mála til Hæstaréttar, þegar hún hafi átt rót sína að rekja til almennra vaxtahækkana, sem orðið hafi, eftir að dómur féll í héraði, án þess að skilyrðum 45. gr. 1. nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands sé fullnægt. Á sama hátt sé unnt að fá síðar dóm fyrir þeim mismun, sem af þessu leiði, þar sem hér sé á ferð mál, sem eldri dómurinn fjalli ekki um og ná ekki til í raun.

Kröfufjárhæð í aðalkröfu kveður stefnandi svo til komna, að reiknaðir séu dráttarvextir af höfuðstól skuldarinnar, 219.289,23 kr., frá 10.1.1986

til 24.10.1990, er stefnda, Heba, hafi greitt verulegan hluta skuldarinnar. Dráttarvextir þessir séu hæstu lögleyfðu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands hverju sinni, en um sundurliðun þeirra vísist til vaxta-  
töflu á dskj. nr. 12. Dráttarvöxtum sé bætt við höfuðstól skuldarinnar og  
dráttarvextir reiknaðir af þeirri fjárhæð á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn  
10. janúar 1987. Samtals nemi dráttarvextir á þessu tímabili 705.511,60 kr.  
Þá séu reiknaðir dráttarvextir af eftirstöðvum, 373.799,58 kr., frá 24.10.  
1990 til 31.10.1990, 1.569,95 kr. Þá séu reiknaðir dráttarvextir af dæmdum  
málskostnaði frá 23. apríl 1986, en af öðrum kostnaði eftir því, sem hann  
hafi fallið á kröfuna. Samtals nemi dráttarvextir þessir 126.264,50 kr.  
Samtals séu því dráttarvextir af höfuðstól og kostnaði 833.346,05 kr. Frá  
fjárhæð þessari séu síðan dregnir dráttarvextir þeir af sama höfuðstól, sem  
stefnda, Heba, hafi talið sér skylt að greiða, þ.e. 3,75% dráttarvextir frá  
10.1.1986 til 1.3. s.á., 2,75% dráttarvextir frá þeim degi til 1.4. s.á., en  
2,75% (sic) dráttarvextir frá þeim degi til greiðsludags. Við útreikning hafi  
verið tekið tillit til þess, ef vaxtahæð var lægri tiltekin tímabil, en svo hafi  
verið tímabilið 1.12.1988 til 1.4.1989 og tímabilið 1.4.1990 til 24.10.1990.  
Um hæð dráttarvaxta á þessum tímabilum vísist til vaxtatöflu á dskj. nr.  
14. Samtals séu dráttarvextir þessir að fjárhæð 468.835,26 kr. Einnig séu  
dregnir frá dráttarvextir af 70.468,15 kr. fyrir tímabilið 24.10.1990 til  
31.10.1990, að fjárhæð 246,64 kr. Þá séu einnig dregnir frá dráttarvextir  
af kostnaði, sem stefnda hafi beinlínis samþykkt að greiða, að fjárhæð  
59.609,41 kr. Samtals komi því til frádráttar 528.691,31 kr. Fáist þannig  
út fjárhæðin 833.346,05 kr. að frádrægnum 528.691,41 kr., þ.e. 304.564,74  
kr., sem hafi verið upphafleg dómkrafa.

Stefnufjárhæð í varakröfu sé fundin á sama hátt, nema ekki séu þar tekn-  
ir inn í vextir af dæmdum málskostnaði.

Viðurkennt sé, að hluti dráttarvaxta þeirra, sem hér sé gerð krafa um,  
sé fyrndur. Fallist sé á það með stefndu, að svo sé um dráttarvexti, sem  
féllu á kröfuna fyrir 13.2.1987. Krafa sú, sem hér sé höfð uppi, hljóði um  
greiðslu mismunar á breytilegum vöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands  
og þeim vöxtum, sem dæmdir hafi verið með dómi, sbr. dskj. nr. 5.

Vaxtamunur á þeim tíma, sem hér um ræði, hafi verið á þessu tímabili  
0,00, þar sem vaxtahæð hafi ekki aukist að nýju fyrir en 1.3.1987. Hluti  
aðalkröfu sé hins vegar dráttarvextir af þeim málskostnaði, sem dæmdur  
hafi verið í dómi, sbr. dskj. nr. 5. Reiknaðir séu því dráttarvextir af 27.800  
kr. frá 23.4.1986 til 13.2.1987, 6.046,50 kr. Hafi stefnukrafan því verið  
lækkuð sem því nemi og upphafsdagur vaxta jafnframt leiðréttur.

Krafan um það, að málskostnaður í eldra málinu beri dráttarvexti, bygg-  
ist á sömu sjónarmiðum og rakin séu hér að framan. Sanngirnirök og eðli  
máls leiði til þess, að rétt sé, að málskostnaður beri dráttarvexti. Enginn

eðlismunur sé á reikningi fyrir málskostnaði og öðrum reikningum, sem þjónustuaðilar gefi út fyrir vinnu sína. Samkvæmt almennum reglum sé heimilt að reikna dráttarvexti á reikninga, sem ekki fáist greiddir á gjald-daga. Þá sé á það bent, að um langan aldur hafi verið heimild í gjaldskrá LMFÍ til að reikna dráttarvexti á málskostnað. Heimild til slíkrar vaxta-kröfu sé nú í 175. gr. eml. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. 1. nr. 54/1988 um breyting á þeim lögum.

Í varakröfu sé byggt á sömu málsástæðu og lagarökum og rakin séu hér að ofan. Hér sé hins vegar fallið frá kröfu um dráttarvexti á málskostnað í eldra málinu.

#### *Málsástæður stefndu.*

Þar sem í dómi þessum er eingöngu fjallað um frávisunarkröfu stefnda, verða málsástæður hans í varakröfu og þrautavarakröfu, sem varða sýknu og lækkun á stefnukröfum, ekki raktar hér.

Málsástæður stefndu í aðalkröfu eru þær, að krafa stefnanda hafi þegar verið dæmd að efni til og verði því, sbr. 2. mgr. 196. gr. eml. nr. 85/1936, eigi borin undir sama eða hliðsettan dómstól að nýju, og beri því að vísa málinu frá dómi.

Svo sem sjá megi af málavaxtalýsingu stefnanda í stefnu, grundvallist krafa sú, er hér um ræði, á skuldabréfi nr. 21266, að fjárhæð 140.000 kr., út gefnu 10. 12. 1984 af Jóni S. Bjarnasyni til Sævars Óskarssonar, með sjálf-skuldarábyrgð Hebu Hallsdóttur og Bjarna G. Ágústssonar, sama skulda-bréfi og legið hafi til grundvallar dómi bæjarþings Reykjavíkur, dags. 8. 4. 1986.

Stefndu reisi frávisunarkröfu sína á því, að í þeim dómi hafi greiðslu-skylda þeirra verið ákvörðuð, og hvað í þeirri skyldu felist. Dómur þessi hafi kveðið á um, að stefndu skyldu greiða tiltekna fjárhæð með ákveðnum þar til greindum vöxtum auk ákveðinnar fjárhæðar í málskostnað. Stefndu hafi síðan greitt stefnanda í samræmi við dómsorðið, og þar með hafi greiðsluskylda þeirra verið fullnægt, og eigi stefnandi engar frekari kröfur á hendur stefndu. Dómur þessi hafi tekið á greiðsluskyldu stefndu og innihaldi hennar. Hafi því þegar gengið efnisdómur í máli þessu, er sé bindandi um úrslit sakarefnis þess, er hér um ræði, í skilningi 1. mgr. 195. gr. og 2. mgr. 196. gr. eml. Þegar hafi verið dæmt að efni til um kröfu þá, er hér ræði um, og hafi sá dómur þau áhrif, að vísa beri málinu frá dómi ex officio.

Í fyrrgreindum dómi hafi verið dæmdir vextir í samræmi við þá vexti, er í gildi voru á þeim tíma, er dómurinn var kveðinn upp, enda sé óheimilt samkvæmt réttarfarslögum að dæma til greiðslu breytilegra vaxta eða dráttarvaxta á málskostnað. Af hálfu stefndu sé því eindregið hafnað, að

síðar til komnar lagabreytingar leiði til þess, að stefnandi geti gert viðbótarkröfu vegna kröfu, sem þegar hafi verið dæmd að efni til í samræmi við þau lög, er í gildi hafi verið, þegar dómur var upp kveðinn. Tilgangur dómsmeðferðar sé að fá lokaniðurstöðu í deiluefnum málsaðila. Ákvæði einkamálalaga um res judicata áhrif dóma hafi þennan sama tilgang og leiði til þess, að málsaðili geti ekki margreynt að fá dómsniðurstöðu breytt. Tilgangur dómsmeðferðar sé ekki að gæta hagsmuna kröfuhafa. Dómur sá, er hér um ræði, hafi verið kveðinn upp í samræmi við lög í landinu, og verði áhrif hans eigi háð því, hvort hagsmunir kröfuhafa séu betri eða verri fyrir eða eftir dómsuppsögu.

Af hálfu stefnda sé því haldið fram, að sjónarmið um hlutverk dráttarvaxta gefi vísbendingu í þá átt, að koma megi slíkri kröfu að í nýju dómsmáli. Því sé með öllu hafnað af hálfu stefndu, að slík sjónarmið geti nokkru breytt um áhrif fyrri dóms um sama efni samkvæmt skýrum ákvæðum einkamálalaga. Dómur sá, er fyrir liggir um þetta efni, taki á vaxtakröfu stefnanda, og þar með sé fengin endanleg niðurstaða um vexti kröfu þeirrar, er þar um ræði.

Þeirri málsástæðu stefnanda, að það, að Hæstiréttur hafi heimilað hækkun vaxtakröfu við áfrýjun mála til Hæstaréttar, réttlæti málsókn, sé algerlega mótmælt. Hér sé um að ræða nýja kröfu um efni, sem héraðsdómur hafi þegar fjallað um. Samkvæmt einkamálalögum sé óheimilt að taka slíkan dóm til efnismeðferðar að nýju fyrir sama eða hliðsettum dómstóli. Í lögum um Hæstarétt sé hins vegar sérstök heimild til aukinnar kröfugerðar frá því, sem höfð hafi verið uppi í héraði, sbr. 45. gr. 1. nr. 75/1973. Fráleitt sé því að bera saman málshöfðun um sama efni fyrir héraðsdómi og úrslit mála fyrir áfrýjunardómstóli.

Þá sé krafist frávísunar vegna ófullnægjandi kröfugerðar stefnanda. Þessi liður frávísunarkröfu sé studdur þeim rökum, að eigi sé ljóst af gögnum þeim, er fram séu lögð af hálfu stefnanda, hvernig kröfugerð hans sé fram sett tölulega. Með vísan til málsástæðna hans fari hann fram á, að stefndu greiði mismun á dæmdum vöxtum og hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum á hverjum tíma. Stefnandi hafi ekki gert grein fyrir, hver sá mismunur sé og hvernig höfuðstóll sá, er hann krefur stefndu til greiðslu á, sé myndaður.

Þá miðist vaxtaútreikningur stefnanda á dskj. nr. 10 við útreikning vaxta frá 10.1.1986 til 1.11.1990. Með vísan til þess, að stefna í máli þessu hafi verið birt 13.2.1991, séu allir áfallnir vextir fyrir 13.2.1987 fyrndir. Stefnandi hafi ekki getið um, hver hlutur fyrndra vaxta sé í kröfugerð hans. Kröfugerð stefnanda verði með vísan til alls framangreinds að teljast ófullnægjandi, og beri því að vísa máli þessu frá dómi á þeim grundvelli.

*Sjónarmið stefnanda vegna frávísunarkröfu.*

Við munnlegan málf lutning um fram komna frávísunarkröfu stefndu, sem hér er til úrlausnar, mótmælti stefnandi kröfunni. Hann mótmælti því, að kröfugerð væri óljós, og jafnframt kvað hann res judicata áhrifum ekki vera til að dreifa. Hann skýrði þessi andmæli sín við málf lutninginn og rökstuddi.

*Niðurstaða.*

Það liggur fyrir í máli þessu, að krafa þessi var dæmd að efni til 8. apríl 1986 á bæjarþingi Reykjavíkur. Samkvæmt 2. mgr. 196. gr., sbr. 195. gr. l. nr. 85/1936, verður krafan því ekki borin undir sama eða hliðsettan dómstól að nýju. Er ekki fallist á rök þau, sem stefnandi færir fram til stuðnings málshöfðunar á nýjan leik. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000 kr.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

## D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Róbert Árni Hreiðarsson hdl., Skeifunni 17, Reykjavík, greiði stefndu, Jóni S. Bjarnasyni, Þingási 35, Reykjavík, Hebu Hallsdóttur, s.st., og Bjarna G. Ágústssyni, Víkurbraut 48, Grindavík, 25.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.